

**Rannsóknamiðstöð Íslands**

**17 580**

**Ársreikningur 2023**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	<b>6</b>
Starfspáttayfirlit .....	<b>7</b>
Skýringar .....	<b>8</b>

**Rannsóknamiðstöð Íslands**  
**kt. 531094-2129**  
**Borgartúni 30, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hlutverk Rannsóknarmiðstöðvar Íslands (Rannís) er að veita stuðning við rannsóknir og nýsköpun, menntun, menningu og listir og æskulýðsstarf og íþróttir. Rannís stuðlar að þróun þekkingarsamfélagsins með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum auk þess að greina og kynna áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag. Rannís heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og starfar á grundvelli laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 22 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 1.317,8 milljónir og afkoma kr. -7,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 23,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 362,5 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Rannsóknamiðstöðvar Íslands fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Ágúst Hjörtur Ingbórssón  
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	414.800.000	392.000.000
Seld þjónusta .....	3	16.763.169	2.562.353
Vörusala .....		4.841.567	3.314.860
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	874.305.624	784.918.491
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		243.571	249.300
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	6.798.306	6.957.998
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.317.752.237</b>	<b>1.190.003.002</b>
<b>Gjöld</b>			
Framlög og tilfærslur .....		51.618.941	59.120.530
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	897.732.318	757.022.012
Annar rekstrarkostnaður .....	6	367.178.774	382.079.583
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	7	1.805.789	5.937.631
Afskriftir og niðurfærslur .....	8	6.798.306	6.957.998
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.325.134.128</b>	<b>1.211.117.754</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(7.381.891)</b>	<b>(21.114.752)</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(20.862.950)	(27.094.222)
Rekstrartilfærslur .....		13.481.059	5.979.470
		<b>(7.381.891)</b>	<b>(21.114.752)</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....	9	14.919.249	28.774.856
Viðskiptakröfur .....	10	20.025.278	309.580.412
Tengdir aðilar .....	11	307.812.647	5.850.662
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	12	2.322.474	11.661.582
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	13	17.430.606	15.961.593
<b>Eignir samtals</b>		<b>362.510.254</b>	<b>371.829.105</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	11	146.433.301	132.502.082
Viðskiptaskuldir .....	14	92.961.313	122.847.113
Ýmsar skammtímaskuldir .....	15	90.950.480	76.230.919
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	16	8.221.223	8.923.163
<b>Skuldir samtals</b>		<b>338.566.317</b>	<b>340.503.277</b>
<b>Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals</b>		<b>23.943.937</b>	<b>31.325.828</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	17	23.943.937	31.325.828
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>23.943.937</b>	<b>31.325.828</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>362.510.254</b>	<b>371.829.105</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	18		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(7.381.891)	(21.114.752)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	6.798.306	6.957.998
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(6.798.306)	(6.957.998)
		<u>(7.381.891)</u>	<u>(21.114.752)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		298.894.242	(295.993.351)
Tengdir aðilar .....		(290.201.719)	58.229.266
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(15.166.239)	35.460.564
		<u>(6.473.716)</u>	<u>(202.303.521)</u>
		<u>(13.855.607)</u>	<u>(223.418.273)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	13	(8.270.953)	(7.334.770)
		<u>(8.270.953)</u>	<u>(7.334.770)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		2.170.953	1.834.770
Fjárfestingarframlag .....		6.100.000	5.500.000
		<u>8.270.953</u>	<u>7.334.770</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(13.855.607)	(223.418.273)
		<u>28.774.856</u>	<u>252.193.129</u>
		<u>14.919.249</u>	<u>28.774.856</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 .....	339.100.000	65.100.000	6.100.000	410.300.000
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>	<b>339.100.000</b>	<b>65.100.000</b>	<b>6.100.000</b>	<b>410.300.000</b>
Launabætur .....	10.600.000	0		10.600.000
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>349.700.000</b>	<b>65.100.000</b>	<b>6.100.000</b>	<b>420.900.000</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) .....	25.346.359	5.979.470	(7.038.430)	24.287.399
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins ..	<b>5.979.470</b>	<b>(5.979.470)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>381.025.829</b>	<b>65.100.000</b>	<b>(938.430)</b>	<b>445.187.399</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(370.562.950)	(51.618.941)	(8.270.953)	(430.452.844)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2023 .....</b>	<b>10.462.879</b>	<b>13.481.059</b>	<b>(9.209.383)</b>	<b>14.734.555</b>

# Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2023, fjárveitingar, breytingar þeirra og stö

	Alþjóðlegar samstarfsáætla		Samtals
	Rannsóknamiðs töð Íslands	nir á sviði vísinda	
	17 580 101	17 580 105	2023
	Málefna svið - málaflokkur		
	23 20	24 10	
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	322.400.000	92.400.000	414.800.000
Seld þjónusta .....	16.763.169	0	16.763.169
Vörusala .....	4.841.567	0	4.841.567
Framlög og ýmsar tekjur .....	876.271.841	7.798.960	884.070.801
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....	1.341.266	249.434	1.590.700
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	6.798.306	0	6.798.306
<b>Tekjur samtals</b>	<b>1.228.416.149</b>	<b>100.448.394</b>	<b>1.328.864.543</b>
<b>Gjöld</b>			
Tilfærslur .....	51.611.038	7.903	51.618.941
Laun og launatengd gjöld .....	893.599.797	4.132.521	897.732.318
Annar rekstrarkostnaður .....	342.276.616	34.667.335	376.943.951
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	3.134.625	18.293	3.152.918
Afskriftir .....	6.798.306	0	6.798.306
<b>Gjöld samtals</b>	<b>1.297.420.382</b>	<b>38.826.052</b>	<b>1.336.246.434</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>	<b>(69.004.233)</b>	<b>61.622.342</b>	<b>(7.381.891)</b>
<b>Afkoma ársins</b>	<b>(69.004.233)</b>	<b>61.622.342</b>	<b>(7.381.891)</b>
<b>Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	(32.493.195)	11.630.245	(20.862.950)
Rekstrartilfærslur .....	(36.511.038)	49.992.097	13.481.059
	<b>(69.004.233)</b>	<b>61.622.342</b>	<b>(7.381.891)</b>
<b>Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:</b>			
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum .....	311.800.000	92.400.000	404.200.000
Launbætur .....	10.600.000	0	10.600.000
Fjárveiting til tekna .....	322.400.000	92.400.000	414.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	(391.404.233)	(30.777.658)	(422.181.891)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs</b>	<b>(69.004.233)</b>	<b>61.622.342</b>	<b>(7.381.891)</b>
Staða fjárveitinga 2022 í lok þess árs .....	11.703.796	19.622.033	31.325.829
<b>Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	(20.789.399)	31.252.278	10.462.879
Rekstrartilfærslur .....	(36.511.038)	49.992.097	13.481.059
	<b>(57.300.437)</b>	<b>81.244.375</b>	<b>23.943.938</b>
<b>Fjárfestingar</b>			
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum .....	6.100.000	0	6.100.000
Fjárfesting á árinu .....	(8.270.953)	0	(8.270.953)
<b>Staða fjárfestingafjárveitingar</b>	<b>(2.170.953)</b>	<b>0</b>	<b>(2.170.953)</b>
Staða fjárfestinga 2022 í lok þess árs .....	(7.038.430)	0	(7.038.430)
<b>Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2023</b>	<b>(9.209.383)</b>	<b>0</b>	<b>(9.209.383)</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits.



# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef við á.

## Skýringar

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsęjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsęjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

2023 2022

### 2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins .....	414.800.000	392.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	6.798.306	6.957.998
	<u>421.598.306</u>	<u>398.957.998</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	339.100.000	65.100.000	0	404.200.000
Launabætur .....	10.600.000	0	0	10.600.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>349.700.000</b>	<b>65.100.000</b>	<b>0</b>	<b>414.800.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	(370.562.950)	(51.618.941)	0	(422.181.891)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(20.862.950)</b>	<b>13.481.059</b>	<b>0</b>	<b>(7.381.891)</b>

### 3 Seld þjónusta

Veitinga- og gistiþjónusta .....	765.950	125.450
Fræðslustarfsemi og fundir .....	15.997.219	2.436.903
	<u>16.763.169</u>	<u>2.562.353</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	1.382.796	2.451.146
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	296.585.146	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	576.278.260	780.569.876
Ýmsar tekjur .....	59.422	1.897.469
	<u>874.305.624</u>	<u>784.918.491</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	716.186.700	611.686.802
Orlof, breyting .....	14.017.958	2.556.906
Launatengd gjöld .....	161.677.827	137.963.306
Starfsmannakostnaður .....	5.849.833	4.814.998
	<u>897.732.318</u>	<u>757.022.012</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	64,2	58,8
------------------------------	------	------

## Skýringar

	2023	2022
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	3.273.132	2.929.820
Ýmis tæki og áhöld .....	3.238.356	6.220.688
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	0	80.962
Orkugjafar .....	916.735	1.461.863
Matvæli .....	16.969.469	10.472.070
Almennar rekstrarvörur .....	1.767.351	1.193.717
Vörukaup, almenn	26.165.043	22.359.120
Fundir, námskeið, risna .....	62.850.906	51.032.435
Ferðir, uppihald .....	71.364.190	68.271.820
Akstur .....	3.146.578	2.399.071
Sérfræðiþjónusta .....	64.651.184	89.417.600
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	353.500	441.973
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	19.658.354	32.042.753
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	1.924.942	4.231.845
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	223.949.654	247.837.497
Samningsbundin kaup og leiga .....	177.329	175.183
Afnotagjöld .....	30.151.542	36.404.025
Leigugjöld .....	62.839.190	57.089.998
Notkun véla og flutningatækja .....	165.092	329.675
Verkkaup .....	12.325.437	8.289.470
Kostnaðarhlutdeild .....	7.821.867	7.578.218
Áhættutap og bætur .....	0	92.230
Tryggingar, lögboðnar .....	63.010	54.242
Opinber gjöld .....	320.610	1.557.030
Tapaðar kröfur .....	3.200.000	342.895
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	117.064.077	111.912.966
Hlutdeild annarra í kostnaði .....	0	(30.000)
Annar rekstrarkostnaður samtals	367.178.774	382.079.583
<b>7 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap</b>		
Fjármagnskostnaður .....	0	63.008
Dráttarvextir .....	88.125	0
Gengistap, verðbreytingar .....	1.717.664	5.874.623
	1.805.789	5.937.631
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	6.798.306	6.733.073
Sölutap og úreltar eignir .....	0	224.925
	6.798.306	6.957.998

## Skýringar

	31.12.2023	31.12.2022
<b>9 Handbært fé</b>		
Tékkareikningar .....	3.054.279	772.710
Sparisjóðsreikningar .....	7.845.265	8.789.972
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum .....	4.019.705	19.212.174
	<u>14.919.249</u>	<u>28.774.856</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 190,6 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

### 10 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur .....	20.025.278	309.580.412
	<u>20.025.278</u>	<u>309.580.412</u>
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum .....	224.530	308.904.452
Viðskiptakröfur í erlendra mynt .....	19.800.748	675.960
	<u>20.025.278</u>	<u>309.580.412</u>

### 11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	307.812.647	5.850.662
	<u>307.812.647</u>	<u>5.850.662</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	141.049.956	131.521.943
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	5.383.345	980.139
	<u>146.433.301</u>	<u>132.502.082</u>

### 12 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	118.760	1.390.350
Skattar .....	2.203.714	10.271.232
	<u>2.322.474</u>	<u>11.661.582</u>

### 13 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	16.461.492	15.961.593
Aðrar eignir .....	969.114	0
	<u>17.430.606</u>	<u>15.961.593</u>

## Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2023 .....	74.891.218	0	74.891.218
Viðbætur á árinu .....	7.301.839	969.114	8.270.953
Selt/úrelt á árinu .....	(16.351)	0	(16.351)
	<u>82.176.706</u>	<u>969.114</u>	<u>83.145.820</u>
Afskriftir 01.01.2023 .....	58.929.625	0	58.929.625
Afskrift ársins .....	6.798.306	0	6.798.306
Selt/úrelt á árinu .....	(12.717)		(12.717)
	<u>65.715.214</u>	<u>0</u>	<u>65.715.214</u>
Staða 31.12.2023 .....	<u>16.461.492</u>	<u>969.114</u>	<u>17.430.606</u>

**31.12.2023                      31.12.2022**

### 14 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir .....	<u>92.961.313</u>	<u>122.847.113</u>
	92.961.313	122.847.113
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum .....	11.699.465	64.702.419
Viðskiptaskuldir í erlendri mynt .....	<u>81.261.848</u>	<u>58.144.694</u>
	<u>92.961.313</u>	<u>122.847.113</u>

### 15 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	89.605.455	75.587.497
Önnur ógreidd gjöld .....	<u>1.345.025</u>	<u>643.422</u>
	<u>90.950.480</u>	<u>76.230.919</u>

### 16 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	17.430.606	15.961.593
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	<u>(9.209.383)</u>	<u>(7.038.430)</u>
	<u>8.221.223</u>	<u>8.923.163</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023 .....	15.961.593	(7.038.430)	8.923.163
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	6.100.000	6.100.000
Bókfært verð seldra eigna .....	(3.634)		(3.634)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	8.270.953	(8.270.953)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	<u>(6.798.306)</u>	<u>0</u>	<u>(6.798.306)</u>
	<u>17.430.606</u>	<u>(9.209.383)</u>	<u>8.221.223</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 6 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

## Skýringar

31.12.2023 31.12.2022

### 17 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	31.325.828	52.440.580
Afkoma ársins .....	(7.381.891)	(21.114.752)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>23.943.937</u>	<u>31.325.828</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 18 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um leigu á húsnæði til ársins 2026/2027 og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa, samningarnir eru ótímabundnir. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 54,38 milljónum og vegna þjónustusamninga kr. 100,54 milljónum. Aðrir styrktar og samstarfssamningar hafa árlegar greiðslu sem nemur 81,20 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

#### Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.